




Bls. 4



Verðlagsaðhald framundan

Bls. 16




Aldrei of seint að byrja

Bls. 26



Fiskvinnan togaði



Þessu ári
greiðum við út um
37.000
vinnunga.

Færð þú einn þeirra?



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Fáðu þér miða á hhi.is eða 800 6611



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætin 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lisa Terrazas
Anna Lilja Sigurðardóttir
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarsson
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Sigurður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Práinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Sveinn Aðalsteinsson

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Ragnheiður Kolsoe og Young The
Nu Dong

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sætin 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

Lækkun á vöruverði framundan

Bregðumst hart við þeim sem bregðast

Breytingar á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld eru að taka gildi núna 1. mars. Allt frá því umræðan um þessar breytingar fór af stað á síðasta ári komu fram varnaðarorð um að vegna mikillar verðbólgu væri hætt á að lækkunar skiluðu sér ekki til almennings. Nokkrir ráðandi aðilar um verðlag á vörum og þjónustu voru tilbúnir að notfæra sér tækifærið til þess að taka sneið af kökunni með sína eigin þrengstu hagsmuni í huga. Þannig tóku ýmsir aðilar um áramót, ámælisverðar ákvarðanir um hækkunar á verði vöru og þjónustu í stað þess að líta á þetta sem einstakt tækifæri til þess að lækka vöruverð til frambúðar.

Heildsalar töldu sig eiga óafgreiddar hækkunar og tilkynntu um þær. Við þessu hefur verið hart brugðist. Mjög öflug vinna hefur átt sér stað hjá ýmsum eftirlitsaðilum s.s. Verðlagseftirliti ASÍ, Neytendasamtökunum, Neytendastofu og Samkeppniseftirlitinu. Unnið hefur verið eftir hefðbundnu verðlagseftirliti en einnig með sérstöku eftirliti þar sem verð hjá sömu verslun eru borin saman á mismunandi tímabilum til þess að skoða verðlagsþróun viðkomandi verslana. Það er einnig nýmæli inn á vef ASÍ þar sem finna má samanburð á verði ýmissa vara fyrir og eftir breytingu 1. mars. Það ber að hrósa þessum samtökum okkar og eftirlitsstofnunum fyrir hörð og markviss viðbrögð þeirra. Það má telja fullvíst að einmitt þessi vinnubrögð hafi haft mikil áhrif á heildsala og stórfyrirtæki sem hafi ætlað að velta öllum tilefnum út í verðlagið.

Viðbrögð almennings hefur síðan verið á einn veg. Almennungur hefur sýnt ákveðinn áhuga á aðhaldi í verðlagsmálum. Sú krafa er á lofti að almenningur fái vitneskju um hvaða fyrirtæki ætla að bregðast í þessu stríði við verðbólguna. Almennungur vill vita hver þessi fyrirtæki eru svo hægt sé að beina viðskiptum annað. Þannig á það líka að vera. Við eigum ekki að setta okkur við að láta hópá sérhagsmuna ráða hér framhaldinu. Verum á varðbergi gegn óeðlilegum hækkunum og færum viðskipti okkar til ef þörf krefur. Tryggjum að verðlækkunar sem felast í þessum aðgerðum skili sér til heimilanna í landinu.

Aldrei of seint að byrja

Hér í Fréttablaði Eflingar að þessu sinni er viðtal við Guðbjörgu Benjamínsdóttur, félagsliða sem hlýtur að snerta hvern þann sem les. Guðbjörg hefur tekist á við lesblindu frá unga aldri og tekist á við allt það andstreymi sem margir þekkja sem hafa átt við þennan vanda að glíma.

Í viðtalinu lýkst upp heill heimur þeirra lesblindu þar sem þær systur einelti, fáfræði og fordómar eru stöðug ógn við velferð hennar og árangur í lífi og starfi.

Guðbjörg hefur valið þann kostinn að láta ekki bugast heldur halda sínu striki ótraud áfram. Hún barðist gegnum allar hindranir og að lokum hafði hún betur með menntun að vopni og naut aðstoðar velviljads fólks í námi og starfi.

Saga Guðbjargar ætti að vera kennslubókardæmi og skyldulesning fyrir alla skólamenn og stjórnendur á vinnustöðum. Það er nefnilega ekki allt sem sýnist. Bak við það sem oft virðist skortur á þekkingu og kunnáttu geta leynst hæfileikar og mannkostir sem samfélagið má með engu móti missa af.

Guðbjörg Benjamínsdóttir fær hrós Fréttablaðs Eflingar fyrir það hugrekki að koma fram og segja sögu sína. En mesta hrósið fær hún fyrir þá þrautseigu og árangur sem hún hefur náð með einbeittum viljastyrk og dugnaði við að afla sér menntunar.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Gefandi starf	4	Efling styður Borgarholt	22
Breytingar á VSK og vörugjöldum	6	Didda á Hrafnistu	23
Hreyfing fyrir alla	6	Stolt siglir fleyið	25
Mikilvægt að leita til félagsins	10	Fiskvinnan togaði	26
Samstarf á Índlandi heldur áfram	12	Aldrei meiri aðsókn	29
Betri í öryggismálunum	15	Tímanum vel varið	30
Aldrei of seint	16	Nýtt nám í ferðaþjónustu	33
Hlíðabær	18	Meðan heilsan leyfir	38
Komin í félagsliðanám	21		



Skemmtilegt og gefandi starf

Hittumst fyrst á kaffihúsi

-segir Ragnheiður Kolsoe

Ragnheiður Kolsoe og VOUNG THE NU DONG á góðri stundu framan við Verslunarskólann

Framtíð í nýju landi er tilrauna-verkefni sem hefur staðið yfir í tvö ár og styður við ungt fólk af erlendum uppruna til að ná markmiðum sínum í námi og störfum. Í upphafi var stefnt að því að vinna náð með tíu til fimmtán einstaklingum. En núna eru 32 einstaklingar skráðir í verkefnið og þeir sem eru virkastir hafa stuðningsaðila.

Í þeim hópi er Ragnheiður Kolsoe, þróunarfræðingur og hún segir að tilviljun hafi ráðið því. „Ég sótti um að vera sjálfbóðaliði hjá Rauða kross

Íslands og þá var mér bent á þetta verkefni. Ég ákvað að kanna um hvað það snérist og sótti svo um að verða mentor eða stuðningsaðili eftir að hafa kynnt mér verkefnið,” segir hún.

Ragnheiður segir að hlutverk sitt sé að vera vinkona stúlku frá Víetnam og aðstoða hana eftir þörfum. Hún heitir VOUNG og er 17 ára og stundar nám á fyrsta ári í Verslunarskóla Íslands.

Aðspurð segir Ragnheiður að samstarfið gangi mjög vel. Við hittumst fyrst á kaffihúsi í byrjun nóvember síðastliðinn til þess að kynnast og spjalla saman um verkefnið. Í framhaldi af því ákváðum við að hittast á þriðjudagskvöldum. Ég sækir hana yfirleitt og oftast förum við heim til mín og spjöllum saman. Stundum gerum við líka eitt-hvað skemmtilegt saman.

Ragnheiður segir að VOUNG hafi þurft að taka próf í skólanum fyrir jóla og þá hafi hún hjálpað henni að lesa undir próf í íslensku og ensku. En hún hafi sjálf séð um allar raungreinar og m.a. fengið 10 í stærðfræði.

Hún segir líka að VOUNG hafi mikinn metnað í öllu sem hún gerir og hún tali góða íslensku. VOUNG er dugleg að segja mér frá menningunni í Víetnam.

Samverustundir okkar eru bæði gefandi og skemmtilegar og við erum mjög góðar vinkonur núna. Ég hringi stundum þess á milli sem við eigum að hittast og fæ fréttir af því sem hún hefur verið að sýsla við, sagði Ragnheiður og brosir.

Áhugasamir um sjálfbóðaliðastarf geta haft samband við Rauða Krossinn í síma 570 4000.

Svo er hún líka mjög dugleg að segja mér frá menningunni í Víetnam

Breytingar á virðisaukaskatti og vörugjöldum þann 1. mars 2007

Þann 1. mars n.k. taka gildi breytingar á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld sem fyrst og fremst er ætlað að lækka matvöruverð hér á landi og færa það nær því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Breytingarnar ná þó einnig til fleiri þátta í heimilishaldinu en matarins. Verð á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum lækkar einnig í kjölfar breytinga á virðisaukaskattsreglum þessara aðila. Verð á bókum, hljóðbókum, blöðum og tímaritum lækkar um 6% þegar og verð á hljómdiskum lækkar um 14%. Þá má nefna að heitt vatn og rafmagn sem notað er til húshitunar lækkar einnig um 6% og hið sama má segja um afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps og veggjald í Hvalfjarðargöngin.

Verðlagseftirlit ASÍ hefur tekið saman upplýsingar um þær breytingar sem eiga sér stað um næstu mánaðamót og sett upp dæmi um hvernig verð til neytenda á vörum og þjónustu mun breytast í kjölfar þeirra. Neytendur eru hvattir til



að fylgjast vel með verði vara og þjónustu á næstu vikum og mánuðum og ganga úr skugga um að sú skattalækkun sem felst í þessum aðgerðum skili sér til

heimilanna í landinu.

Visað er á vef ASÍ til frekari skoðunar www.asi.is

Hreyfing fyrir alla

Þarft verkefni og skemmtilegur félagsskapur

- segir Sigurður Bessason



Hér má sjá formann Eflingar í stafgöngu af miklu kappi

Þetta er mjög þarft verkefni og mikilvægt að við í stéttarfélagunum tökum höndum saman við opinbera aðila um

að auka hreyfingu fullorðinna og eldra fólks, sagði Sigurður Bessason sem undirritaði nýlega fyrir hönd Eflingar samn-

ing um verkefnið *hreyfing fyrir alla*. Auk Eflingar og VR voru það Heilbrigðisráðuneytið, Lýðheilsustöð og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sem undirrituðu samkomulag um þetta efni sem verður tilraunaverkefni á þessu ári.

Ég hef mikla trú á því að hægt sé að auka heilbrigði og stuðla að heilsuefningu þar sem tekist hefur að tengja kraftmikla aðila sem íþróttafélögin eru með bakstuðningi sveitarfélaganna. Framkvæmdin verður á hendi íþróttafélaganna sem hafa mikla reynslu á þessu sviði. Ég hef fylgst vel með undirbúningi þessa máls og hef mikla trú á að þarna geti almenningur orðið sér út um góða hreyfingu og skemmtilegan félagskap sem örugglega myndast ef rétt er að staðið, sagði Sigurður.

Myndin er tekin þegar þeir sem undirrituðu skjalið brugðu sér í stafgöngu til að leggja áherslu á innihald samningsins samhliða því að skrifað var undir.

Nýtt frá Barilla

100% heilhveitipasta



Ekki bara hollt - líka gott

Unnið úr heilu durumkorni og því mjög trefjaríkt og
auðugt af næringarefnum



Eftirlætispasta ítala



Ireneusz Gluchowski með syni sínum sem kom gagngert hingað til lands til að hjálpa föður sínum

Örlög pólska verkamannsins **Ireneusz Gluchovski**

Fyrir tæpu ári síðan sagði Fréttablað Eflingar frá máli pólska verkamannsins Ireneusz Gluchovski þegar hann kom sem verkamaður til Íslands og hóf störf hjá verktakafyrirtækinu Jarðvélum, var ekki rétt staðið að því að tryggja honum réttindi og vernd gegn slysum eða veikindum. Tryggingafyrirtæki sótti um kennitölu í hans nafni, en engin umsókn var lögð fram um atvinnuleyfi. Pólverjinn fékk kennitölu en var hjá Þjóðskrá settur á „Utangarðsskrá“, þar sem útlendir einstaklingar eru þar til frekari leyfi eru fyrir hendi.

Þegar hann veiktist í kjölfar vinnuslyss og lá með blóðeitrun milli heims og

Ireneusz missti í veikindunum báða fætur fyrir neðan hné, annað nýrað og mikla heyrn. Eftirlitsstofnanir og fyrirtækið brugðust Pólverjanum í þessu hörmulega máli.

helju á Landspítalanum hafði fyrirtækið gleymt honum og stofnanir samfélagsins heyrðu engar viðvörðunarbjöllur - þótt um sé að ræða mikilvægt fordæmismál gagnvart þeim útlendingum sem starfa hér án tilskilinnna leyfa og réttinda. Eftirlitskerfið brást en Ireneusz er ennþá hér á landi.

Síðastliðið vor fóru fram yfirheyrslur hjá lögreglu þar sem önnur vitni málsins um málsatvik sem tengdust slysi Ireneusz í júní 2005, gáfu skýrslu.

Ireneusz missti í veikindunum báða fætur fyrir neðan hné, annað nýrað og mikla heyrn. Eftirlitsstofnanir og fyrirtækið brugðust Pólverjanum í þessu hörmulega máli.

Engar tilkynningar voru sendar vegna vinnuslyssins og/eða veikindanna af hálfu fyrirtækisins og Vinnueftirlitið kom því ekki að málum strax í upphafi.

Frekari yfirheyrslur lögreglu í máli hans hafa þegar farið fram og beðið er læknisfræðilegra gagna í málinu.

Trópi

- náttúrulega hreinn safi

Innihaldið í Trópi

er ekkert leyndarmál.

Við tökum einfaldlega utan
af ávöxtunum fyrir þig.





Athyglisvert mál sem læra má af

Ekki tókst að sanna ábyrgð atvinnurekanda

Jóna Jónsdóttir slasaðist fyrir um sex árum síðan þegar hún var að aðstoða skjólstæðing á hjúkrunarheimili við að standa upp úr hjólastól. Svo óheppilega vildi til að hún var að hefja sumarleyfi næsta dag, en skýrði hjúkrunarfræðingi engu að síður frá slysinu. Í ljós kom eftir sumarleyfið að Jóna var ekki fær til að sinna sínu fyrra starfi. Um þremur mánuðum eftir slysið var það tilkynnt Vinnueftirlitinu. Málið tapaðist bæði fyrir héraðsdómi og nú nýlega fyrir Hæstarétti. Málið er lærdómsríkt eins og fram kemur hjá Atla Gíslasyni, lögmanni Eflingar hér í blaðinu.

Málið snérist um það að Jóna slasaðist við störf hjá hjúkrunarheimilinu þegar

hún var við umönnunarstörf. Öldruð kona þurfti aðstoð til að komast á salerni og þurfti að hjálpa henni við að standa upp úr hjólastól. Jóna lét hana taka utan um háls sér og hugðist reisa konuna upp en fóturinn brást konunni sem við það féll og dró Jónu með sér í fallinu. Við þennan hnykk fékk Jóna áverka, en þar

Læknir mat það svo að við slysið hefði Jóna tognað í brjóstbaki og hálsi með þeim afleiðingum að þremur mánuðum eftir slysið mat hann Jónu óvinnufæra.

sem hún var á sinni síðustu vakt fyrir sumarfrí, lét hún nægja að skýra hjúkrunarfræðingi frá atvikinu og bjóst við að jafna sig á þessu í sumarfríinu.

Eftir sumarleyfið kom í ljós að ein-kenni eftir slysið gengu ekki til baka og reyndist Jónu ókleift að halda áfram sínu fyrra starfi. Þá var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slysið þremur og hálfum mánuði eftir slysið. Læknir mat það svo að við slysið hefði Jóna tognað í brjóstbaki og hálsi með þeim afleiðingum að þremur mánuðum eftir slysið mat hann Jónu óvinnufæra.

Það er athyglisvert hvernig kröfu Jónu í málinu reiðir af. Hún byggir málflutning sinn á því að ekki hafi verið nægilega mörg tæki eða lyftur til afnota fyrir

starfsmenn til að aðstoða ósjálfbjarga skjólstæðinga heimilisins. Einungis hafi verið ein lyfta á deild þar sem 25 skjólstæðingar hafi búið og margir þannig á sig komnir að þeir voru ekki göngufærir. Aðra hvora viku hafi deildin haft aðra lyftu til afnota sem þess á milli hafi verið notuð annars staðar í byggingunni. Tækjakostur hafi verið ónógur og þegar slysið varð hafi eina lyftan á staðnum verið í notkun. Atvinnurekanda beri samkvæmt lögum að hafa öll hjálpartæki í slíkum tilvikum tiltæk, en svo hafi ekki verið.

Það er einmitt hér í þessu atriði sem veikleiki málsins kemur í ljós þar sem atvinnurekandinn andmælti þessu og telur að ósannað sé að lyftan hafi ekki verið tiltæk í umrætt sinn. Þetta hafi verið óhapp sem ekki var hægt að sjá fyrir. Slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu og Jóna hafi ekki greint yfirmönnum sínum frá líðan sinni og því hafi afleiðingar atviksins ekki orðið ljósar fyrr en eftir að sumarleyfi hennar lauk.

Samkvæmt þeim vitnum sem leidd



voru fram í málinu taldi dómurinn ósannað að slysið mætti rekja til skorts á hjálpartækjum og þá telur hann einnig að ekki verði hægt að meta hjúkrunarheimilinu í óhag að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og vera ber.

Hæstiréttur staðfesti því dóm hér-

aðsdóms sem einnig hafði dæmt félagsmanni Eflingar í óhag.

Vakin er athygli á því að greinin hér að framan er byggð á nýlegum hæstaréttardómi og nafni félagsmanns Eflingar er breytt.

Mikilvægt að leita strax til félagsins

- segir Atli Gíslason, lögmaður Eflingar

Þetta mál er því miður dæmigert fyrir afleiðingar þess að félagsmenn leita ekki strax til félagsins í kjölfar slysa, segir Atli Gíslason, lögmaður Eflingar. Í málinu kemur fram að það er tilkynnt seint til Vinnueftirlits og vitni eru ekki leidd

fram fyrr en nokkuð löngu eftir slysið. Það er aldrei of brýnt fyrir félagsmönnum Eflingar að leita sér strax aðstoðar hjá félaginu í slysamálum þar sem líkur eru að reyni á lagalegan þátt mála, segir hann.



Atli Gíslason

Wa ne, aby szuka pomocy w zwi zkach zawodowych

- mowi Atli Gíslason, prawnik Eflingu.

It is important to contact the union immediately

says Atli Gíslason, Efling Trade Unions lawyer

When accidents happen in the workplace it is very common that it is not reported to the Vinnueftirlitið - Administration of occupational Safety and Health right away and witnesses are not interviewed until long after the accident

occurs. It is very important for members of Efling to contact the union immediately when accidents happen in the workplace, in those cases it is very likely that the union member involved will need legal assistance.

Kiedy zdarza si wypadek w miejscu pracy, bardzo cz sto zostaje on zgłoszony zbyt pó no do Inspekcji Pracy a wiadkowie nie s powoływani do zezna natychmiast. Dlatego wa ne jest aby członkowie Efling natychmiast zgłaszali zaistniałe wypadki w zwi zkach zawodowych, co pomo e unikn wielu problemów i powikła .



Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Kirkjunnar, afhendir Dalítum á Indlandi net og önnur veiðarfæri

Efling og SAM á Indlandi

Samstarfið heldur áfram

- segir Sigurður Bessason

Það er mjög ánægjulegt að sjá að stuðningur Eflingar hefur nýst vel til að umbreyta lífi fólks, en þetta á sérstaklega við um stéttleysingjana í Kancheepuram í Tamil Nadu héraði á Suður Indlandi þar sem samstarfsverkefni Eflingar og SAM hreyfingarinnar hefur verið í gangi á annað ár. Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar skýrði á trúnaðarráðsfunði Eflingar á dögnum frá góðum árangri af stuðningi Eflingar á síðasta ári. Hann lýsti ánægju sinni með árangri af þessu samstarfi Eflingar og SAM á Indlandi og sýndi myndir frá starfinu. Sigurður Bessason segir að stjórn Eflingar hafi nýlega mótað þá stefnu að halda samstarfinu áfram enda beri allar fréttir með sér að verkefnið skili miklum árangri.

Jónas lýsti á áhrifaríkan hátt í máli og myndum hvernig áhrif flóðbylgjunnar miklu sem skall á strönd Indlands á jóladag 2005 breytti öllu fyrir fólkið sem þar bjó. Börn og gamalt fólk varð verst út úr þessum hörmungum sem engu eirði. En hann dró líka upp aðra

En hann dró líka upp aðra mynd af þessu fólki sem sýnir hversu lífshvötin er sterk og á bak við sorgina er stutt í brosið

mynd af þessu fólki sem sýnir hversu lífshvötin er sterk og á bak við sorgina er stutt í brosið. Höfum lagt mikla áherslu á að byggja upp forskóla fyrir börn stéttleysinga svo þau komi vel undirbúin inn í grunnskólann þannig að þau verði ekki fyrir mismunum vegna kunnáttuleysis, sagði hann.

Það hefur verið gaman að fylgjast með hvernig þeir peningar sem Efling-stéttarfélag hefur sent hafa breyst í verkefni sem er að skila af sér árangri inn í þetta samfélag. Verkefni sem hefur verið fólgið í almennri fræðslu um velferðarkerfi á þessu svæði Indlands. Þar er spurt eins og hér. Hver er réttur þinn, hvert þú getur leitað og hjá hverjum?



Hluti af þessu kerfi er svokallað tryggingakerfi en til þess að komast inn í það þurfa menn að greiða gjald í peningum. Lögð hefur verið áhersla á að fólkið

sjálft leggi að hluta til þetta gjald en Efling veiti stuðning á móti. Vandir þessa fólks liggur í því að það fær sjaldnast greitt í peningum heldur oftast ekki í mat. Vegna fátæktar hefur fólkið oft neyðst til þess að selja börnin sín eða setja í pant fyrir lánum sínum. Kirkjan hefur verið að hjálpa fólki með því að leysa börnin úr þessari ánaud en stundum gerist það að þegar börnin eru komin til foreldra sinna aftur eru þau seld í ánaud.

Okkar verkefni hefur verið að kenna fólki til verka m.a. á ritvélar og tölvur en með tölvuþekkingu eru fólki allir vegir færir. Fólk hefur verið að sækja inn í þorpin og borgirnar í auknum mæli og þá þurfa menn að hafa aðgengi að farartæki. Skellinaðran er mest notaða farartækið og ég hef séð sex manna fjölskyldu á ferðalagi á einni slíkri.

En fyrst og fremst erum við að vinna í þágu þeirra sem verst hafa það og það eru stéttleysingjarnir en þeir eru samansettir af mismunandi hópum og má þar nefna launafólk sem vinnur við reirskurð, þvottafólkið o.fl., segir Jónas Þórisson.

Hvernig er þínu fé varið?



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Sorphirða og endurvinnsla í Danmörku

Íbúum í borginni ber skylda til þess að setja pappír og batterí í endurvinnslu og það á kannski einhvern þátt í umgengninni. En aðkoman að gámunum er mjög góð og það er m.a. búið að setja upp lyftur til þess að auðvelda flutning á þeim úr kjöllum.

Síðan var haldið til bæjarins Vejle og þar hefðu þeir aðallega skoðað endurvinnsluna. Í samtölum við starfsmenn kom í ljós að 76% af öllu rusli í bænum er endurunnið. En til samanburðar þá erum við að endurvinnna c.a. 35% af rusli á höfuðborgarsvæðinu.

Í Óðinsvéum skoðuðum við líka endurvinnslustöð sem okkur var sagt að væri ein sú tæknivæddasta í Evrópu og c.a. 86% af öllu sorpi sem safnaðist þar væri endurunnið.

Stefán segir líka að í Óðinsvéum hafi þeim gefist tækifæri á að skoða bílana sem eru notaðir við sorphirðuna og annan útbúnað. Svo skoðuðum við mötuneytið og spjölluðum við nokkra starfsmenn sem buðu okkur í mat.

Pegar Stefán er spurður hvað hafi vakið mesta athygli hjá honum í ferðinni, segir hann að ferðafélagarnir hafi allir

Stöndum okkur betur í öryggismálum

- segir Stefán Þór Hilmarsson

Fjórir starfsmenn hjá Umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar fóru fyrir nokkru í námsferð til Danmerkur og kynntu sér hvernig Danir standa að sorphirðu í borgum og bæjum. Ferðin var farin á vegum Leonardo-verkefnisins og létu félagarnir vel af móttökunum sem þeir fengu á þeim stöðum sem þeir heimsóttu. Stefán Þór Helgason, trúnaðarmaður og flokksstjóri í sorphirðu, var með í för og brást vel við þegar við báðum hann um að segja okkur frá ferðinni.

Fyrsti viðkomustaðurinn var Kaupmannahöfn og hópurinn varði tveimur dögum í að kynna sér hvernig staðið væri að sorphirðu í borginni. Fyrirtækið sem sér um sorphirðuna er í daglegu tali kallað R 98 og er með talsvert flóknara kerfi en við til þess að skipuleggja starfsemina. Þeir eru t.d. með sérhannað



Félagarnir á spjalli við kollega í Danmörku

tölvuforrit til þess að skipuleggja leiðir fyrir flokkana og fylgjast með vinnutím-anum, sagði hann.

Mikil endurvinnsla í gangi

Þeim var einnig boðið að skoða Gámastöðvar og sjá með eigin augum hvernig unnið er að sorphirðu í nokkrum hverfum í borginni. Á nokkrum stöðum var aðkoman mjög slæm vegna óþrífnaðar en á öðrum stöðum var hún til fyrirmyndar.

verið sammála um að þeim hefði komið mest á óvart að sorphirða í Reykjavík stæðist fyllilega allan samanburð við starfsemina sem þeir skoðuðu. En við stöndum mun betur að öryggismálum og það kom okkur líka á óvart, segir hann.

Aftur á móti eru Danirnir komnir mun lengra í endurvinnslu og það er eitthvað sem við þurfum að taka á, sagði Stefán að lokum

Kemur mest á óvart að sorphirða í Reykjavík stenst fyllilega allan samanburð



Lesblindan er ekki blindgata

Aldrei of seint að gera eitthvað í málinu

- segir Guðbjörg Benjamínsdóttir félagsliði

Ég átti í erfiðleikum með að læra að lesa og skrifa þegar ég byrjaði í skóla og það var ekki langt liðið á skólagönguna þegar ég fékk að heyra að þetta væri bara leti í mér. En mér gekk vel að reikna, segir Guðbjörg Benjamínsdóttir, félagsliði sem útskrifaðist af félagsliðabréu hjá Námsflokki Reykjavíkur í desember sl. þrátt fyrir að hafa greinst með lesblindu á háu stigi fyrir þremur árum.

Guðbjörg ólst upp í Múlakampi við erfið kjör og var í Laugarnesskóla. Hún segir að kennararnir hafi að mestu látið sig afskiptalaus eftir að í ljós kom að hún átti í erfiðleikum með námið. Ef ég mætti ekki í skólann var ég skömmuð, segir hún.

Guðbjörg segist líka hafa orðið fyrir miklu einelti sem barn og að hún hafi ekki eignast vini í skólanum. Maður fór að mestu með veggjum og reyndi að láta fara lítið fyrir sér og smám saman dró ég mig inni eigin skel.

Ég fékk vinnu á leikskóla og varð þá aftur fyrir einelti eftir að hafa sagt frá því að ég væri lesblind og vildi ekki skrifa skilaboð heim með börnunum.

Læst inni á kvöldin og stalst heim þegar forstöðukonan svaf

Þegar ég var nýu ára komu upp aðstæður heima hjá mér sem urðu til þess að ég var send á heimavist í Laugarnesskóla í einn vetur. Ég man að ég stalst til að skreppa heim eftir hádegi á meðan forstöðukonan lagði sig. Maður vildi ekki vera annar staðar en heima hjá foreldrum sínum. Guðbjörg segist hafa verið á heimavistinni um helgar líka og herberginu hafi alltaf verið læst á kvöldin og ljósinn slökkt. Svo var opnað á morgnana og þá fékk ég morgunmat áður en kennslan hófst, segir hún.

Þegar ég var 12 ára lauk skólagöngu

minni og ég fór að vinna og 14 ára fór ég á vertíð. Árið eftir fór ég að búa og giftist fljótlega og var búin að eignast þrjú börn þegar ég var 23 ára. Næstu árin einbeitti ég mér að uppeldi barnanna og heimilishaldinu. En svo ákvað ég að gerast dagamma og passaði börn heima hjá mér í nokkur ár og þá háði lesblindan mér m.a. við að skrifa kvittanir og ég þurfti að fá aðstoð við það.

Guðbjörg segir að þegar börnin uxu úr grasi hafi hana langað að breyta til og vinna utan heimilis.

Fáfræði og fordómar í minn garð

Ég fékk vinnu á leikskóla og varð þá aftur fyrir einelti eftir að hafa sagt frá því að ég væri lesblind og vildi ekki skrifa skilaboð heim með börnunum. Fáfræði og fordómar gagnvart lesblindu var slík meðal samstarfsmanna minna sem voru menntaðir leikskólakennarar að þeir spurðu hvers vegna væri verið að hafa ólæst og óskrifandi fólk í vinnu. Framkoma þessa fólks í minn garð varð

Þess valdandi að ég þurfti að leita mér aðstoðar til þess að brotna ekki alveg niður, segir hún. Ég vann á leikskólanum í tíu ár áður en ég fékk mig fullsadda af óvildinni í minn garð og hætti, segir hún.

Aðspurð hvað hafi tekið við hjá henni, segist Guðbjörg hafa fengið vinnu með börnum í frístundaskóla og þá hafi hún byrjaði nýtt líf með frábæru samstarfsfólki sem kemur fram við hana eins og jafningja.

Blundaði von í mér um að gera eitthvað í lesblindunni

Hún segir líka að þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hafi alltaf blundað í sér sú von að hún gæti gert eitthvað róttækt við les-

blindunni. Svo liðu nokkur ár áður en henni gafst tækifæri til þess. Guðbjörg segist hafa hitt náms- og starfsráðgjafa á námskeiði sem hún sótti. Seinna hafði hún svo samband við mig og spurði hvaða nám ég hefði valið mér ef ég hefði átt þess kost að halda áfram námi þegar ég var yngri. Ég svaraði því til að ég hefði sennilega farið í húsmæðraskóla eða lært félagsfræði. Þá sagði hún mér frá félagsliðabrunni hjá Námsflokkum Reykjavíkur og hvatti mig til þess sækja um, sem ég gerði og komst inn, segir hún.

Námið tók tvö ár og ég var í hópi með frábærum konum sem voru tilbúnar að rétta mér hjálparhönd ef ég þurfti á því að halda. Þær lánuðu mér glósur og lásu

verkefni inná spólur til þess að ég ætti auðveldara með að læra þau.

Þegar Guðbjörg er spurð hverju hún þakki þann árangur sem hún hefur náð að hafa vald á lesblindunni, segir hún að námið eigi stærstan þátt í því og sömu leiðis allir sem áttu samleið með henni í starfi og einkalífi á námstímanum. Það var frábært að finna þegar maður var að ná tökum á náminu og sá fram á að geta látið draumana rætast. Ég vil þessvegna hvetja alla sem eru með lesblindu að fara í greiningu og gera svo eitthvað í málinu því að ég er talandi dæmi um að það er aldrei of seint, sagði Guðbjörg að lokum.



Á næstunni

Öflugt námskeiðahald fyrir trúnaðarmenn

Í marsmánuði verður boðið upp á fjölbreytt nám fyrir trúnaðarmenn Eflingar.

- Trúnaðarmannanámskeið II verður haldið dagana 5. – 9. mars. Margir hafa nú þegar bókað sig á námskeiðið þó enn séu nokkur sæti laus.
- Upprifjun kjarasamninga hjá Reykjavíkurborg er stutt námskeið sem haldið verður fyrir hádegi þann 13. mars.

- Trúnaðarmannanámskeið I er á dagskrá vikuna 19. – 23. mars. Þetta er annað námskeiðið á þessu ári sem haldið er fyrir nýja trúnaðarmenn og síðast komust færri að en vildu.
- Að lokum er annað stutt námskeið, það fjallar um upprifjun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Námskeiðið verður fyrir hádegi þann 27. mars.

Þar sem mjög mikil aðsókn hefur verið í trúnaðarmannafræðsluna hjá Eflingu nú í vetur er rétt að brýna fyrir þeim sem hafa áhuga að skrá sig sem fyrst. Hægt er að skrá sig og fá nánari upplýsingar á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500. Einnig er hægt að skrá sig í tölvupósti á fjola@efling.is.

Vinnustaðaheimsókn í Hlíðabæ



Huggulegt umhverfi er í Hlíðabæ

Hlíðabær tók til starfa 22. mars 1986 að Flókagötu 53 og er fyrsta dagvistin hér á landi sem sinnir alzheimer sjúklingum eingöngu. Aðdragandinn var sá að þegar almenn dagvist fyrir aldraða og

öryrkja hafði verið starfrækt í Múlabæ um nokkurt skeið var ljóst að minnisskert fólk einangraðist frá öðrum og þeim varð að sinna sérstaklega. Reykjavíkurborg keypti hús undir reksturinn.

Þeir sem standa að rekstri Múlabæjar og Hlíðabæjar eru SÍBS, Reykjavík-urdeild RÍ og Samtök aldraðra. Við heimsækjum starfsfólk Hlíðabæjar að þessu sinni.

Gefandi og skemmtilegt

Bergþóra Gústafsdóttir



Bergþóra Gústafsdóttir hóf störf í Hlíðarbæ síðastliðið haust. Hún segist hafa unnið ýmis störf um ævina. Svo

bauðst mér þetta starf og ég sé ekki eftir því að hafa þegið það m.a. vegna þess að umgengnin við fólkið sem dvelur hér er

mjög gefandi og skemmtileg, segir hún.

Hlíðabær er eins og stórt heimili þar sem allir hjálpast að við störfin sem til falli. Við skiptumst á í eldhúsinu. Þá eru fastir liðir, sund, leikfimi, gönguferðir og heimilishald á dagskránni. Í kjallaranum er mjög góð vinnustofa fyrir þá sem hafa áhuga á handavinnu og boðið er uppá hársnyrtingu og fót snyrtingu fyrir þá sem þess óska og akstur til og frá heimili.

Um 20 manns dvelja hjá þeim daglega og síðustu gestirnir eru farnir heim klukkan fjögur síðdegis.

Þegar Bergþóra er spurð um launin segir hún að þau séu sámileg eftir lagfæringar sem voru gerðar á þeim fyrir skömmu. Húsið á Flókagötunni er líka mjög fallett og hentar vel fyrir starfsemi sem þar fer fram. Svo er stór garður umhverfis húsið sem starfsmennirnir og skjólstæðingarnir sjá um að hirða.

Stundum förum við í ferðalög eins og uppí Heiðmörk að tína lyng og í gönguferðir í Öskjuhlíð. Ég er mjög ánægð hér og gæti alveg hugsað mér að klára starfsævina hér, sagði Bergþóra að lokum.

Langur vinnudagur og **gefandi samskipti**

- segir Sigrún Einarsdóttir



Sigrún með Ragnari Ólasyni, stjórnarmanni í Eflingu

Sigrún Einarsdóttir hefur unnið í Hlíðarbæ við ræstingar í þrjú ár. En fyrir skömmu bætti hún við sig vinnu í eldhúsinu og við umönnun. Sigrún segist mæta klukkan átta að morgni og þegar dagbjálfuninni lýkur klukkan fjögur síðdegis taki ræstingarnar við. Vinnudagurinn er þess vegna nokkuð langur. En á móti kemur að launin eru þokkaleg og samskiptin við fólkið sem kemur hingað eru mjög gefandi segir hún.

Þegar Sigrún er spurð hvort að hún hafi nýtt sér réttindi sem hún hefur áunnið sér hjá Eflingu segist hún hafa farið til Englands í skóla í þrjár vikur að læra ensku og fengið styrk hjá félaginu uppí kostnað við ferðina. Í haust var henni boðið á morgunverðarfund ásamt fleiri félögum Eflingar og þar hafi gefist tækifæri til þess að kynna starfsemi félagsins og hvaða réttindi og skyldur félagsmenn hafi. Það hafi bæði verið gagnlegt og skemmtilegt að kynna

félögum Eflingar úr öðrum starfsgreinum og hlusta á skoðanir þeirra á ýmsum málum sem voru rædd á fundinum.

Starfsmennirnir hittast oft fyrir utan vinnutíma og starfsmannafélagið sem heitir Laufey skipuleggur ýmsar uppákomur. Við förum t.d. í óvissuferð og í leikhús. Svo fönndrum við fyrir jólin heima hjá einhverri okkar og borðum saman, sagði Sigrún og brosti.

Hvað vissir þú um heilsueflingu?

Veist þú að???

- Sjúkrasjóður Eflingar styrkir félagsmenn til margs konar heilsueflingar?
- Í orðinu fellst meira en hin hefðbundna líkamsrækt hjá æfingastöð?
- Ef þú hyggst iðka íþróttir hjá íþróttafélagi, stunda sund eða langar að læra dans hjá dansskóla áttu engu að síður rétt á styrk allt að kr. 0.000.- á hverjum 2 mánuðum.

Þarftu að taka á heilsunni?

- en ert ekki viss hvers konar heilsuefling myndi henta þér?

Ef þú myndir til dæmis prófa hvort sundiðkun hentar þér kostar 0 tíma kort í sundlaugum Reykjavíkur kr. 2.200.- og styrkur Eflingar yrði kr. 100.- eða 50%.

Þá áttu eftir kr. 8.900.- sem nýtast þér til þeirrar heilsueflingar sem þú á endanum velur þér.

Veistu þetta.....um sjúkrasjóðinn?

Vissir þú að annað af höfuðmarkmiðum Sjúkrasjóðs á eftir greiðslu dagpeninga vegna veikinda eða slysa, er að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar fólksins í Eflingu?

Þess vegna styrkir Efling sjóðfélaga til heilsueflingar, sjúkra- og endurhæfingar, og vegna skoðana hjá Hjartavernd eða Krabbameinsfélaginu.

Nýjung frá Félagsmálaskóla alþýðu

Vefnám fyrir trúnaðarmenn

Félagsmálaskóli alþýðu hefur frá upp-hafi haft að leiðarljósi að byggja upp þekkingu og þróa aðferðir til að hvetja trúnaðarmenn að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fyrir nokkrum misserum var ráðist í framkvæmd á upplýsinga- og uppflættigrunni á netinu sem fékk nafnið **Vefnám fyrir trúnaðarmenn** og var hann formlega gangsettur í október. Ákveðið var að kalla þetta vefnám, þótt þetta sé meira í anda við uppflættigrunn. Vefnámið er byggt á **Handbók trúnaðarmannsins** og samanstendur af 25 þáttum sem fjalla um réttindi og skyldur launafólks. Auk þess er farið í grundvallaratriði í starfi og ábyrgð trún-

aðarmannsins. Eftir hvern þátt vefnámsins eru verkefni. Verkefnin eru gagnvirk og fá þátttakendur svar um leið og þeir hafa leyst verkefnin. Einn af mörgum kostum vefnámsins er að trúnaðarmaðurinn ákveður hvenær hann fer inn á námskeiðið, hvar hann tekur það og hvenær hann tekur sér hlé eða hættir.

Til að komast inn í vefnámið er slegið inn notendanafni sem hverju félagi er úthlutað í gegnum Félagsmálaskólann og þurfa trúnaðarmenn að hafa samband við sitt félag til að fá notendanafnið afhent. Hægt er að nálgast slóðina á heimasíðu Félagsmálaskólans, sem er www.felagsmalaskoli.is.



„Landnema“ mokyklos baigimas

Nori baigti Socialinio darbuotojo kursus

2 Sako J ret Leškien iš Lietuvos.

Bet svarbiausia yra mokytis islandu kalb

J rat Leškien baig „Landnema“ mokykl prieš naujus metus. Ji atvyko iš Lietuvos ir dirba slaugytoja Eiro seneli namuose, Grafarvogure. Jos vyras atvyko Islandija metais ankš iau ir dirbo iki tol kol šeima atvyko šal . Ji yra patenkinta gyvenimu Islandijoje ir „Landnema“ mokykla. Ji nori testi toliau mokslus ir turi ger požiur prad ti mokintis Socialinio darbuotojo kursuose.

Mes turime du vaikus, berniuk kuris yra 15 met ir 13 met mergait kurie atvyko šal su manimi. Vaikai lanko mokykl , bet pirmieji metai

buvo sunk s. Šiuo metu mokslai labai gerai ir mums patinka gyventi ia, sako ji. Visi šeimos nariai d jo didelias pastangas mokydami si island kalbos. Vaikai mokinasi island kalb islandiškoje mokykloje, o mes abu pasirinkome island kalbos kursus kurie buvo si lomi „Námsflokkum Reykjavíkur“ mokykloje, tai mums suteik didžiul galimyb bendravime su Islandijos gyventojais, sako ji.

J rat sako visada gal tu padaryti kažk geriau ir kai ji pasteb jo „Landnema“ mokyklos reklam , sugalvojo užsirašyti mokytis. Jai atrodo kad at jo laikas tobulinti island kalb ir sužinoti daugiau apie šal ir jos gyventojus.

Ji panoro išmokti giauriau naudotis kompiuteriu, kas ir buvo si loma šiuose kursuose, sako ji. Bet svarbiausia yra mok ti island kalb ir jai labai pad jo šie kursai.

Paklausus J rat , pasak kad mokslas gerai suorganizuotas, pvz: mokiniai lank si šalies muziejuje su gidu, tai buvo labai pamokoma ir domu. Ji sako kad mokytojai ir moksleiviai buvo labai šaun s ir mokslas tur tu duoti ger naud jeigu ji pateks Socialini darbuotoj kursus. Ji baig dvejus slaugytojos kelimo kursus ir ji tikisi kad „Landnema“ mokykla suteiks galimyb t sti toliau mokslus.



ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi

Húseigendur!

Aukið þægindin og lækkið hitunarkostnaðinn

með ECL stjórnstöð á hitakerfið

Kynnið ykkur kosti og verð

ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf

Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Útskrift i Landnemaskólanum

Komin í félagsliðabrána

- segir Jurate Leskiene frá Litháen

Jurate Leskiene útskrifaðist úr Landnemaskólanum fyrir áramótin. Hún er frá Litháen og vinnur við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi. Eiginmaður hennar kom til Íslands á undan henni á sínum tíma og hún byrjaði að vinna um leið og hún kom hingað til lands. Hún er ánægð með dvölina á Íslandi og Landnemaskólann. Hana langar mikið til að halda áfram að læra og er nú komin í nám við félagsliðabrána.

Við eigum tvö börn, strák sem er 15 ára og 13 ára stúlku og þau komu með mér hingað. Börnin eru í skóla og fyrsta árið hafi verið erfitt. En námið gengur mjög vel núna og okkur finnst mjög gott að búa hér, segir hún. Allir í fjöl-

skyldunni hafi lagt mikla áherslu á að læra íslensku. Börnin lærðu íslensku í skólanum en við hjónin sóttum íslenskunámskeið sem voru í boði hjá Námsflokkum Reykjavíkur og það hefur hjálpað okkur mikið í samskiptum við fólkið hér, segir hún.

Jurate segir að alltaf megi gera betur og þegar hún rak augun í auglýsingu frá Landnemaskólanum ákvað hún að sækja um. Henni fannst kominn tími til þess að læra meira í íslensku og um íslenskt þjóðfélag. Þá langaði hana líka til þess að læra á tölvu og nám í þeirri grein var einmitt ein af námsgreinum í skólanum segir hún. En mikilvægast er að læra íslensku og henni finnst námið hafa skilað góðum árangri.

Aðspurð segir Jurate að námið sé vel skipulagt og m.a. hafi nemendur heim-sótt Þjóðminjasafn Íslands undir hand-leiðslu leiðsögumanns og það hafi verið bæði fróðlegt og skemmtilegt. Hún segir líka að kennarar og nemendur hafi verið frábærir og námið eigi eftir að koma að góðum notum nú þegar hún stundar nám við félagsliðabrána. Hún hefur tekið fagnámskeið I og II fyrir umönnunarstarfsmenn og hún sagðist vona að það ásamt Landnemaskólanum reynist góð undirstaða í náminu.

En mikilvægast er að læra íslensku

Samstarf Eflingar og Borgarholtsskóla

Efling styður nemendur



Þórkátla Þórisdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Atli Lýðsson undirrita samninginn

Nokkur fjöldi nemenda í Borgarholtsskóla eru jafnframt að störfum á vinnumarkaðnum eins og gerist með ungt fólk í dag. Margir nemendur eiga sinn rétt hjá Eflingu-stéttarfélagi til námsstyrkja auk annarra réttinda. Eftir viðræður við nemendur skólans sem eru í Eflingu og áfangastjóra skólans var skrifað undir samkomulag þar sem Efling stendur straum af

kostnaði þessara nemenda við nám þeirra við Borgarholtsskóla.

Nokkrir nemendanna komu að máli við Eflingu og ræddu um námið sitt hjá Borgarholtsskóla og hvað það væri mikilvægt að hægt væri að stunda nám eins og félagsliðanám eða leikskólabrú á nokkrum stöðum í borginni. Þau bentu einnig á að námið væri gríðarlega mikilvægt fyrir atvinnulífið og það skipti

máli að fjölbreyttur hópur færi á þessar námsbrautir.

Efling-stéttarfélag átti síðan fund með Þórkötu Þórisdóttur sem er áfangastjóri hjá Borgarholtsskóla og í kjölfar hans var skrifað undir samstarfssamning þar sem fram kemur að nám þeirra sem eru félagsmenn í Eflingu-stéttarfélagi og eru í félagsliðanámi eða á leikskólabrautinni verður greitt af Eflingu-stéttarfélagi.

Saga Dagsbrúnar kemur út



Díönuslagurinn við Reykjavíkurhöfn árið 1933

Nýlega skrifuðu þeir Sigurður Bessason, formaður Eflingar og Gunnar Karlsson fyrir hönd Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands undir samning um útgáfu bókarinnar *Við brún nýs dags*, rit sem fjallar um Sögu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá stofnun félagsins fram til ársins 1930. Ritverkið er upphaflega byggt á texta Þorleifs Friðrikssonar, sagnfræðings, en Gunnar Karlsson hefur ritstýrt efninu undanfarandi ár og búið það til prentunar.

Gert er ráð fyrir útgáfu bókarinnar í marsmánuði og verður ritið hluti af ritröð Sagnfræðistofnunar, Sagnfræðirannsóknnum.

Fram kom við undirritun samningsins af hálfu beggja aðila að ánægja er með að loks hefur tekist að koma þessu riti í höfn.



Didða á Hrafnistu

Tekur þátt í íþróttakeppnum erlendis

Kristín Jónsdóttir vinnur í þvottahúsi Hrafnistu og átti 25 ára starfsafmæli þann þriðja nóvember sl. Við heimsóttum hana á vinnustaðinn fyrir skömmu í tilefni af þessum merku tímamótum í lífi hennar. Diddú eins og hún er kölluð af samstarfsskonum sínum segist vinna hálfan daginn í þvottahúsinu. Ég fer á fætur um sexleytið á morgnana og byrja á því að fara í sturtu og undirbúa mig að öðru leyti fyrir daginn. Svo kemur bíllinn frá ferðaþjónustu fatlaðra um hálf átta og ég er mætt í vinnuna klukkan

Ég spila bæði keilu og boccia og ferðast mikið til útlanda og spila á mótum í þessum íþróttagreinum

átta. Ég fer líka með honum heim þegar ég er búin að borða í hádeginu, segir hún.

Didða segir að það sé mikilvægt fyrir sig að vera úti á almennum vinnumarkaði og hún sé mjög ánægð með starfið í

þvottahúsinu. Ég hef líka eignast marga góða vini á vinnustaðnum og það er ekki síður mikilvægt.

Aðspurð um hvort hún gæti hugsað sér að vinna í þvottahúsinu næstu tuttugu og fimm árin svarar hún brosandi að það komi vel til greina. Þegar Didða er spurð um áhugamál sín segir hún að sér finnist mjög gaman að sækja námskeið og stunda íþróttir. Ég spila bæði keilu og boccia og ferðast mikið til útlanda og spila á mótum í þessum íþróttagreinum, sagði Didða að lokum.



Í undirbúningi

Nám fyrir öryggisverði

Síðastliðið haust vöknudú hugmyndir um að undirbúa nýtt nám fyrir öryggisverði sem sinna öryggisvörslu af ýmsu tagi hjá öryggisfyrirtækjum. Þessar hugmyndir eru ekki alveg nýjar af nálinni en hafa ekki náð að komast til framkvæmda hingað til. Að frumkvæði Eflingar, einkum Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur, Starfsafls (starfsmennt Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins) og Securitas hf var blásið til vinnufunda og ekki leið á löngu þar til Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var kölluð til aðstoðar.

Kjarasamningar undanfarinna ára hafa tryggt fjármagn til Fræðslumiðstöðvarinnar og er þar nú að finna fjölmargar námskrár sem henta starfsmönnum

Nám fyrir öryggisverði hefur ekki verið á boðstólum hingað til og er það von aðstandenda námsins að hið nýja nám verði upphafið að nýrri sókn til aukinnar menntunar í þessari mikilvægu starfsgrein.

um í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin hefur ákveðið að taka faglegan undirbúning námsins á sínar herðar með aðstoð bakhóps sem Starfsafl veitir forstöðu. Í bakhópnum sitja, auk forstöðumanns Starfsafls, Sveins Aðalsteinssonar, Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar, Árni Guðmundsson og Gunnhildur Arnardóttir frá Securitas auk Guðmundu

Kristinsdóttur frá Fræðslumiðstöðinni en Guðmundu sér um þarfagreiningu fyrir námið og aðra faglega undirbúningsvinnu. Von er á fleiri fulltrúum í bakhópinn fljótlega.

Stjórn Starfsafls samþykkti nýverið að kosta þarfagreiningu námsins en Fræðslumiðstöðin sér síðan um kostnað við námskrárgerðina.

Nám fyrir öryggisverði hefur ekki verið á boðstólum hingað til og er það von aðstandenda námsins að hið nýja nám verði upphafið að nýrri sókn til aukinnar menntunar í þessari mikilvægu starfsgrein. Jafnframt er vonast til að hið nýja nám geti leitt til breytinga á reglugerðarumhverfi starfsgreinarinnar í þá veru að festa starf öryggisvarða betur í sessi.

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Hér er Strandferðaskipið Esja við bryggju í Reykjavíkurhöfn í nóvember 1963. Esjan var byggð í Skotlandi 1939 og þetta er skipið sem flutti 258 íslenska ríkisborgara frá Petsamo í Finnlandi til Íslands 1940. Fólk sem hafði teppst víða um Evrópu vegna stríðsins fékk þarna langbráð tækifæri til að komast heim.

Stolt siglir fleyið mitt

Sú var tíð að við Íslendingar áttum strandferðaskip sem héldu uppi vöru- og farþegaflutningum allan ársins hring og höfðu þéttriðið net viðkomuhafna allt í kringum landið. Þá hefði engum heilvita manni dottið í hug að þungavara eins og timbur, olía, bensín, tilbúinn áburður, gaddavír, sement og steypustyrktarjárn yrði nokkru sinni flutt á bílum á misgóðum vegum landsins.

Strandferðaskipin voru lífæð byggðanna og komudagar skipanna voru góðir dagar með annríki og tilbreytingu. Föst áætlun strandferðaskipanna skapaði líka öryggi í dreifðum byggðum, alltaf mátti treysta því að skipið kæmi.

Kannski rifja þessar skemmtilegu myndir af Esjunni upp fortíðarþrá einhverra en þessar skipasiglingar minna

okkur líka á að það er ekki svo langt síðan öllum vöruflutningum var ekki

beint á íslenska vegakerfið með tilheyrandi hættum fyrir vegfarendur.



Mynd af eldri Esjunni. Hún var byggð í Skotlandi og kom sína fyrstu ferð til heimahafnar í Reykjavík 1923. Aftan á myndinni stendur: Esja Strandferðaskip. Brutto:749 smálestir. Vélaafl 600 hestöfl. Eigandi: Ríkissjóður Íslands.



Málhildur býr í fallegu húsi við litla tjörn skammt frá Nesjavallavegi ásamt sambylismanni sínum, hundinum þeirra og fuglum sem setjast á veröndina og njóta matarins sem húsráðendur bjóða þeim uppá daglega.

Fiskvinnan togaði alltaf í mig

- segir Málhildur Sigurbjörnsdóttir

Ég var 12 ára þegar ég fékk sumarvinnu við að breiða úr saltfiski til þerris utanhúss hjá Ísbirninum á Seltjarnarnesi. Stjúpi minn sem var bróðir verkstjórans hafði útvegað mér

þessa vinnu og við lögðum af stað að heiman snemma um morguninn og gengum niður á Rauðarástíg. Þar beið boddíbill sem flutti okkur út á nes og ég var mætt í vinnuna klukkan átta.

Að loknum vinnudegi klukkan fimm var okkur ekið til baka og við komum aftur heim um sexleytið, segir Málhildur Sigurbjörnsdóttir, fyrrverandi fiskverkakona. Hún er fædd 24. júlí 1935 og verður 72 ára í sumar. En þetta tímabil í lífi mínu er mjög eftirminnilegt og var oftast skemmtilegt, segir hún.

Málhildur er miklu betur þekkt undir nafninu Malla eins og vinir hennar og vinnufélagar kalla hana jafnan. Hún rifjar upp að stundum hafi hún verið send að Dvergasteini á Bræðraborgarstíg til þess að sauma efni úr striga utanum um saltfiskinn sem búið var að stafla í bagga. Það kom líka fyrir að ég var beðin um að hreinsa karfa og þó að maður notaði sérstök áhöld þá var ég öll útstungin og klóruð á höndum.

Malla segist hafa unnið í Ísbirninum á sumrin þangað til hún hætti í skóla og fór á sjóinn sextán ára gömul. Ég fékk sumarvinnu við að salta síld um borð í

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

gömlu Ísborginni. En það veiddist lítið og mig minnir að stundum hafi veiðst jafn mikið af ufsa og síld. Nokkrar konur unnu við að salta síldina og nokkrir strákar sem voru kallaðir pollar. Þeir voru á svipuðum aldri og við og tóku því yfirleitt vel þegar þeir voru ávarpaðir með þessu nafni.

Oft tekið lagið í matsalnum

En það var ekki eingöngu unnið um borð. Mér fannst gaman að syngja og við tókum oft lagið í matsalnum. Svo var spilað á spil og þegar við komum í land fórum við á ball og dönsuðum fram á rauða nótt.

Malla segir að henni hafi þótt gaman að vinna á Ísborginni og sjómennskan hafi átt vel við sig. Þegar ég kom í land

Einbeiti mér nú að því að njóta lífsins

fór ég að vinna í fiski og endaði svo á vertíð í Vestmannaeyjum. Þar kynntist ég föður barnanna minna og sambandið endaði með hjónabandi og við eignuðumst fjögur börn. Ég bjó í Eyjum í tíu ár og þá vann maður heimilisstörfin fyrri hluta dags og í fiski eftir hádegi.

Aðspurð segist Malla eiga margar góðar minningar frá Eyjum. En hún eigi líka slæmar minningar sem tengjast aðallega gosinu 23. janúar 1973.

Eftir gosið bjuggum við í níu mánuði í Ölfusborgum en fengum svo afhent viðlagasjóðshús á Selfossi og bjuggum

þar til ársins 1975. Ég hafði haft heppnina með mér og vann tvær milljónir í happdrætti og gat keypt litla íbúð í Reykjavík. Ég var líka nýskilin og það kom sér því vel að eiga íbúð til þess að flytja í með börnin. Svo fékk ég vinnu í Björnsbakarí við Hringbraut. En fiskvinnan togaði í mig og ég fór að vinna hjá BÚR og seinna hjá Granda eftir að BÚR og Ísbjörninn voru sameinuð árið 1985.

Malla segir að lífið hafi haldið áfram með sínum vanagangi eftir að fjölskyldan flutti í bæinn. En árið 1995 varð ég fyrir því að lenda í slæmum bakmeiðslum og varð að hætta að vinna og síðan hef ég einbeitt mér að því að njóta alls þess sem lífið hefur uppá að bjóða sagði Malla að lokum.

Austurhiminninn **eitt logandi eldhaf**



Ég vaknaði um tvöleitið við högg á útidyrhurðina. Í fyrstu hélt ég að óknyttakrakkar hefðu sparkað í hurðina. En ég var ekki övön því vegna þess að húsið okkar stóð upp við gangstéttina. Svo heyrði ég kallað inn um bréfalúguna. „Malla komdu fram, ég ætla að sýna þér svolítið.“ Ég fór í slopp og þegar ég opnaði útidyrhurðina sá ég að austurhiminninn var eitt logandi eldhaf og ég heyrði mágkonu mína segja að það væri farið að gjósa. Ég fór inn og ræsti bóndann og börnin og sagði þeim

að klæða sig í allt tvöfalt.

Þegar allir voru tilbúnir og búið var að slökkva á olíukyndingunni og ganga úr skugga um að allir gluggar væru lokaðir, læstum við útidyrhurðinni og héldum sem leið lá niður á höfn. Eldglæringarnar blöstu við okkur á leiðinni en börnin sýndu engin merki um hræðslu. Þegar við komum niður á höfn reyndust allir vera rólegir og yfirvegaðir og okkur gekk vel að komast um borð í einn bátinn.

Við stóðum uppi á dekki þegar bát-

urinn sigldi út hafnarkjaftinn og gjallið frá gosinu rigndi yfir okkur.

Þegar við komum til Þorlákshafnar fór ég með börnin heim til mömmu í Neðra-Breiðholti. Um tíma gistum við líka hjá systir minni sem bjó í Árbænum. Ég er afskaplega þakklát fyrir aðstoðina sem fjölskylda mín veitti okkur. En ég þráði að komast í eigið húsnæði og þegar mér bauðst að flytja í sumarhúsið í Ölfusborgum þáði ég það með þökkum.

Námskeið í skyndihjálpi

Hafa bjargað mannlífum

- segir Sigurður Pétur Jónsson



Sigurður Pétur Jónsson

Securitas hélt námskeið í skyndihjálpi fyrir öryggisverði sem starfa hjá fyrirtækinu og var námskeiðið haldið í húsakynnum Eflingar í Sættunni 1. Sigurður Pétur Jónsson var í hópi þátttakenda. Hann sagðist hafa farið á námskeið fyrir nokkrum árum en ekki hafi reynt á kunnáttu sína í skyndihjálpi ennþá. Hann hefði þess vegna þekktst boðið um að taka þátt í námskeiðinu núna því að mælt er með endurmenntun annað hvert ár.

Sigurður segir að aðgerðir á vettvangi,

Sigurður segir að Securitas hafi aukið þjónustu við þá sem nota öryggishnappa og námskeiðið sé liður í því verkefni

skoðun og mat, endurlífgun, blæðing og lost, brunasár, eitranir og bit og stungur hafi verið meðal viðfangsefna á

námskeiðinu. Útkallsbílar frá Securitas séu útbúnir með hjartastuðtækjum og í lok námskeiðisins hefðu þátttakendur fengið kennslu í meðferð þeirra. Sigurður segir að Securitas hafi aukið þjónustu við þá sem nota öryggishnappa og námskeiðið sé liður í því verkefni.

Aðspurður segist Sigurður hafa heyrt af tilvikum þar sem að kunnáttu öryggisvarða í skyndihjálpi hafi bjargað mannlífum. Það hvetur mann til þess að fylgjast vel með öllu sem fram fer á námskeiðinu, sagði Sigurður að lokum.

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502

Griðarlegur áhugi á menntun

Aðsókn að námi **aldrei verið meiri**

Í byrjun janúar var tekið á móti umsóknum í fjölda námskeiða á vegum Eflingar-stéttarfélags. Mörg námskeiðanna fylltust hratt og var t.d. fullt á jarðlagnatæknánámskeiðið í byrjun janúar. Námskeiðið er fullsetið. Í öðrum greinum má nefna að leikskólanámið eða svokölluð leikskólabrú fylltist og hófst það nám um miðjan janúar. Á sama hátt fylltist félagsliðabréuin og hóf einn hópur námið um miðjan janúar.

Í fyrsta sinn var nú boðið upp á félagsliðabréu fyrir starfsmenn af erlendum uppruna og er þar einn hópur kominn af stað í því námi. Fagnámskeið II í umönnun fylltist og varð að bæta við tveim hópum. Starfslokanámskeið er fullbókað og er biðlisti.

Mörg önnur námskeið eru í undirbúningi og verða haldin á vorönn 2007. Griðarlegur áhugi félagsmanna í



Pórunn og Ragnar heimsækja nemendur í leikskólabrú og færa þeim skólatöskur undir námsefnið

Eflingu-stéttarfélagi fyrir frekari menntun er að endurspeglast í þessari þátttöku

og því mikið verk að vinna á næstunni við fleiri námsbrautir.



Wojciek Harbuz



Útskriftarhópurinn á íslenskunámskeiði LSH

Erlendir starfsmenn hjá LHS á íslenskunámskeiði

Skemmilegt að kynnast þátttakendum

-segir Wojciek Harbuz

Hópur erlendra starfsmanna á Landspítala háskólasjúkrahúsi lauk 60 stunda námi í íslensku þann 28. janúar. Þau voru sammála um að námið hefði gengið mjög vel og fulltrúar Eflingar sem var boðið í útskriftina voru sammála um að hópurinn hefði náð ótrúlega góðum árangri á þessum stutta tíma. Landspítalinn mun síðan bjóða þessum starfsmönnum uppá framhaldsnámskeið þannig að þau geti haldið áfram að bæta

sig í íslenskunni.

Wojciek Harbuz kom frá Póllandi í maí á síðasta ári og fór að vinna í byggingarvinnu. En hann ákvað fljótlega að breyta til og fékk vinnu við umönnun á Landakotsspítala. Wojciek segist hafa lært talsvert í íslensku á námskeiðinu og vonist til að fá tækifæri til þess að læra meira á næstunni. Kennarinn hafi verið frábær og það hafi verið bæði fróðlegt og skemmtilegt að kynnast þátttakend-

unum.

„Þátttakendur eru frá mörgum löndum og samskipti okkar urðu meiri eftir því sem leið á námskeiðið. Ein aðferðin sem kennarinn notaði við kennsluna var að banna okkur að tala annað tungumál en íslensku í tímunum og mér fannst það bera mjög góðan árangur“, segir hann.

Wojciek á eiginkonu og son á fjórða ári í Póllandi og er að leita að íbúð svo að þau geti dvalið hjá honum.

Ég vona að þeim líki dvölin vel vegna þess að ég gæti vel hugsað mér að búa hér áfram, sagði Wojciek að lokum.

Á Trúnaðarmannanámskeiði

Tímanum vel varið

- segir Jens Þorsteinsson

Í lok janúar sóttu 23 félagar í Eflingu trúnaðarmannanámskeið I í Fræðslu-setri félagsins í Sætúni 1. Þetta er fjölmennasti hópurinn sem hefur sótt þessi námskeið á undanförunum árum og það var almenn skoðun þátttakenda að námskeiðið ætti eftir að hjálpa þeim mikið í trúnaðarmannastarfinu.

Jens Þorsteinsson er bifreiðastjóri hjá SBA Norðurleið og var einn af þeim sem tók þátt í trúnaðarmannanámskeiði Eflingar í lok janúar síðastliðinn. Hann tók við starfi trúnaðarmanns í fyrirtækinu síðastliðið vor. Það eru fimm bílstjórar í Eflingu sem vinna við akstur hjá fyrirtækinu, segir hann og telur tímanum á námskeiðinu vel varið.

Jens segir að sér hafi fundist nauðsynlegt að fá meiri upplýsingar um störf trúnaðarmanna og þessvegna hafi hann sótt um að komast á námskeiðið. Það kom skemmtilega fram að námsefnið er mjög fjölbreytt og fjalli að mestu um réttindi og skyldur félagsmanna. Einnig



er farið vel í kjarasamninga. Farið var yfir einelti á vinnustöðum, gerð grein fyrir sjóðum félagsins og fjallað um aðra starfsemi sem varðar hagsmuni félagsmanna.

Skipulag leiðbeinenda og skemmtileg

framkoma á stóran þátt í því að mér finnst tímanum hafa verið vel varið á námskeiðinu og ég er ákveðinn í að fara á framhaldsnámskeið ef það stendur til boða, sagði Jens að lokum.



Það var létt yfir hópnum á trúnaðarmannanámskeiðinu


Orlofsblaðið 2007

Nú nálgast **orlofið** hægt og örugglega!!

Orlofsblað Eflingar stéttarfélags sem nú er komið út samhliða þessu félagsblaði er að mestu með hefðbundnu sniði. Að meginhluta fjallar það um þá orlofsmöguleika sem félagsmönnum standa til boða á árinu 2007 auk þess að kynna aðra fjölbreytta starfsemi orlofsjóðs. Þar þar hæst hinar geysivinsælu sumarferðir félagsins innanlands og erlendis. Óhætt er að fullyrða að um óvenju spennandi ferðir er að ræða í ár og eflaust verður mikil eftirspurn í þær.

Erlendis verður farið í austurveg, það er ferð í kring um Finniska flóa. Farið er frá Helsinki í Finnlandi til St. Pétursborgar í Rússlandi og þaðan til Tallin í Eistlandi. Ferðalagið endar svo aftur í Helsinki þaðan sem flogið verður heim. Um tvær slíkar ferðir er að ræða og verður væntanlega fast sótt í sætin í þeim. Um tvær ferðir innanlands er að ræða, 3ja til 4ra daga langar. Önnur er um Strandir en sú ferð sló einmitt í gegn í fyrrasumar og þess vegna endurtekin í ár. Þá verður farið um Vatnsnes og Skaga og meðal annars skoðaðar heimaslóðir Grettis Ásmundarsonar. Þar að auki er dagsferð í haust en jafnan er mikið fjölmenni sem tekur þátt í henni.

Áhugasamir félagsmenn eru hvattir til að kynna sér þær vel í orlofsblaðinu



og ef áhugi er til þátttöku er vissara að mæta á skrifstofuna strax við opnun þegar skráning hefst.

Eins og áður er þó megináherslan í orlofsblaðinu á að kynna orlofshús okkar innanlands og veita sem bestar upplýsingar um þau. Nú hafa bæst við glæsilegir og spennandi kostir til úthlutunar. Nýtt hús er í Svignaskarði auk íbúðarhússins Skarðs sem hefur verið í endurbýggingu síðustu ár. Það er allt hið glæsilegasta.

Leiguíbúðir þær sem við höfum boð-

id upp á í Kaupmannahöfn hafa notið meiri vinsælda en allt annað sem í boði er. Svo mikill var áhuginn og eftirspurnin að ákveðið var að bæta við þriðju íbúðinni þar.

Þó aðeins sé marsbyrjun þegar félagsmenn fá þetta orlofsblaðið í hendur nálgast vor og sumar óðfluga og ekki seinna vænna að huga að orlofinu, nú er tíminn til að leggja yfir möguleikana sem í boði eru og sækja um í framhaldinu.

Allar upplýsingar er að finna í orlofsblaðinu og því mikilvægt að geyma það og hafa við höndina!

What do you know about physical exercise?

Did you know???

- That Efling Trade Union Sickness Benefits Fund gives members financial support for all kinds of physical exercise?
- That the word exercise includes more than only gym membership?
- If you are thinking about joining team sports, taking up swimming or taking dancing lessons you can also get a partial refund for up to 0.000 kr every 2 months.

Do you want to get healthier?

- but are not sure what kind of exercise is right for you?

If you would for example take up swimming a 0 time card at Reykjavík swimming pools would cost about 2.200 kr, then you could get 50% back or 100 kr. You would then have 8.900.- which you can use for more swimming or any kind of exercise of your choice.

Did you know.... about the sickness benefits fund?

Did you know that besides paying sickness benefits in case of sickness or accidents one of the sickness benefits fund's main goals is financing preventative approaches concerning its members' safety and health.

Therefore the fund gives its members financial support for physical exercise, physical therapy, cancer screening at the Icelandic Cancer Society and medical check-ups at the Icelandic Heart Association.

Ferðir - sumarhús - Kaupmannahöfn

Mikilvægar tímasetningar 2007 !!!

2. Mar	Páskar 2007 - Síðasti dagur umsókna
7. Mar	Páskar 2007 - Úthlutun
8. Mar	Sumarferð erlendis í Austurveg - INNTRITUN
12. Mar	Sumarferð innanlands Vatnsnes og Skagi - INNTRITUN
12. Mar	Sumarferð innanlands Strandir - INNTRITUN
15. Mar	Páskar 2007 - Síðasti greiðsludagur
30. Mar	Sumar 2007 - Síðasti dagur umsókna
3. Apr	Vatnsnes og Skagi - Síðasti greiðsludagur
3. Apr	Strandir - Síðasti greiðsludagur
11. Apr	Sumar 2007 - Úthlutun
2. Maí	Sumar 2007 - Síðasti greiðsludagur
7. Maí	Sumar 2007 - Önnur úthlutun
14. Maí	Sumar 2007 - Síðasti greiðsludagur 2. úthlutunar
18. Maí	Fyrstur kemur - Fyrstur fær
4. Jún	Kaupmannahöfn - Skráning hefst fyrir haustið 2007

Vakin er athygli á því að í öllum skráningum sem fram fara á skrifstofu ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta þegar skrifstofan opnar kl. 8.15 og fá afhent númer.



Þátttakendur á námskeiði fyrir erlenda trúnaðarmenn ásamt Atla Lýðssyni, forstöðumanni Fræðsluviðs Eflingar

Erlendir trúnaðarmenn á námskeiði

Til fyrirmyndar

- segir Freyja Marivic Espirita

Freyja Marivic Espirita vinnur hjá Toppfiski í Örfirisey og tók nýlega þátt í námskeiði fyrir erlenda trúnaðarmenn.

Hún hefur unnið hjá fyrirtækinu í ný ár og samþykkti að gerast trúnaðarmaður þegar til hennar var leitað fyrir þrem

Freyja segir að námsefnið og skipulag námsins sé til fyrirmyndar og kennarar og nemendur hafi staðið sig frábærlega



mánuðum.

Freyja segir hún hafi ákveðið að fara á námskeiðið til þess að vera betur undirbúin undir trúnaðarmannshlutverkið þó ekki hafi reynt mikið á hana sem trúnaðarmann hingað til.

Það var mjög gott að fá allar þær upplýsingar um Eflingu, réttindi og skyldur starfsmanna og samskipti trúnaðarmanna við félagið og atvinnurekendur. Þá var fjallað um sjóði félagsins, íslenskt þjóðfélag og ýmislegt fleira gagnlegt segir hún.

Freyja segir að námsefnið og skipulag námsins sé til fyrirmyndar og kennarar og nemendur hafi staðið sig frábærlega. Þessi vika hefur verið mjög skemmtileg og ég ætla að sækja um að komast á annað námskeið ef það verður í boði, sagði Freyja að lokum.

Ferðabjónustan

Nýtt og spennandi nám í boði

Nýju námi í ferðabjónustunni hefur verið hleypt af stokkunum. Námið er kærkomið tækifæri fyrir starfsfólk í ferðabjónustu til að bæta stöðu sína og auka gildi sitt og verðmæti í starfi. Margar áhugaverðar námsgreinar eru á námsskránni og er hægt að fræðast nánar um innihald þess og hvenær það verður í boði hjá Mími símenntun.

Starfsgreinasambandið og Samtök ferðabjónustunnar hafa haft forgöngu um þróun námsins í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Efling, Mímir, Starfsafl og fleiri hafa einnig tekið virkan þátt í að móta námið. Nýja námið ber heitið "Kvenum ferðabjónustu". Það mun hefjast sem tilrauna-verkefni á tveimur stöðum í mars; hjá Mími í Reykjavík og Símei á Akureyri. Endanleg námsskrá frá Fræðslumiðstöðinni verður síðan tilbúin fyrir næsta haust.



Um er að ræða 60 stunda nám sem skipt er upp í 20 kennslustunda lotur. Námið kemur til með að verða eininga-

bært á framhaldsskólastigi sem nemur 5 einingum.

Við erum klár



fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matseðlinum hjá okkur

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool
leiktæki
diskókeila
karokée
golfhermir
beinar útsendingar
hádegismatur
kvöldmatur

gæsapartý
einkasamkvæmi
barnaafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Sport
Rock**



Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.golfhermir.is



Ásgeir Jónsson

Er gott að fá **laun** í evrum?

- eftir Ásgeir Jónsson, hagfræðing

Háir vextir og óstöðugleiki á gjald-eyrismarkaði hafa skapað gríðarlegar óvinsældir fyrir íslensku krónuna á síðustu misserum. Það er því ef til vill ekki að undra að mörg fyrirtæki huga nú að því hvernig þau færa sem mest af kostnaði sínum yfir í erlendar myntir og það þannig flúið krónuna. Ein leið sem stungið hefur verið upp á er að laun séu greidd í evrum. Hingað til hefur þessi umræða nær eingöngu verið frá sjónarhóli atvinnurekenda. En hvernig horfir málið við almennu launafólki?

Svarið er þó ekki einhlítt þar sem launagreiðslur í evrum geta bæði unnið tjón og bót fyrir launþega. Ef laun eru alfarið greidd út í evrum skapar það óstöðugleika fyrir lífsafkomu heimilanna þar sem kaupmáttur þeirra veltur í hverjum mánuði á hræringum á gjaldeyrismarkaði. Það getur vart talist eftirsóknarvert fyrir launþega. Hins vegar getur falist töluverður ábati í því að fá hluta af launum sínum í evrum þar sem það gefur færi á því að lækka vaxtakostnað sinn með því að taka erlend lán. Ástæðan er einfaldlega sú að erlendar tekjur að einhverju marki gefa færi á því að stofna til erlends kostnaðar – gengisáhættan fellur út þegar gjöldin og tekjurnar koma saman. Þetta skiptir töluverðu máli því erlendir vextir hafa verið

mun lægri en þeir íslensku um langt skeið og sá munur mun án efa haldast svo lengi sem krónan er við lýði.

Erlendar tekjur gefa færi á erlendum vöxtum

Helsti ókosturinn við að taka erlent lán er sú áhætta sem felst í því að krónan getur hækkað eða lækkað snögglega og þannig þyngt eða létt greiðslubyrði heimilanna. Það er þessi áhætta sem kemur í veg fyrir að fólk hagnýti sér lága vexti ytra með töku erlendra lána. Hins vegar ef hluti launa er greiddur út í erlendri mynt fæst vörn gegn þeirri gengisáhættu sem fylgir erlendum lánum. Með öðrum orðum ef gengi krónunnar lækkar þá hækka vaxtagreiðslur af erlendum lánum (þar sem höfuðstóll lánanna hækkar í íslenskri mynt) en það kemur ekki að sök því að á sama tíma hækkar sá hluti launanna sem er greiddur út í evrum (þar sem hver evra kaupir fleiri krónur). Hægt er að orða þetta sem svo að um leið og launþegar fá laun í erlendri mynt geti þeir farið að dæmi fyrirtækja með erlendar tekjur og lækkað vaxtakostnað með töku erlendra lána. Hér er eftir töluverðu að slægjast en nú um stundir eru nafnvextir á evrusvæðinu 3,5% ef miðað er við stýrivexti Evrubankans sem hægt er að bera saman

við 14,25% stýrivexti íslenska seðla-bankans.

Takmörkuð evruvæðing er þó best

Ef launin eru alfarið greidd í evrum felur það í raun í sér að fyrirtækin eru að varpa sinni gengisáhættu í rekstri yfir á sína eigin starfsmenn. Það er í sjálfsu sér ekki með öllu óþekkt hérlandis þar sem t.d. sjómenn eru alfarið ráðnir upp á hlut og eru þannig háðir gengissveiflum þar sem aflaverðmæti veltur á gengi krónunnar. Slíkt fyrirkomulag getur án efa hentað sumum starfsstéttum hjá ákveðnum fyrirtækjum sem eiga í mjög harðri erlendri samkeppni. En heilt yfir tekið geta launþegar vart tekið því fagnandi að fá launin í erlendum gjaldmiðli þar sem kaupmáttur þeirra hér á Íslandi tekur að rokka með sveiflum á gjaldeyrismarkaði. Raunar væri fyrirtækjunum líka nær að bregðast við áhættunni með virkri fjárstýringu, gengisafleiðum og svo

Helsti ókosturinn við að taka erlent lán er sú áhætta sem felst í því að krónan getur hækkað eða lækkað snögglega og þannig þyngt eða létt greiðslubyrði heimilanna.

framvegis í stað þess að velta henni yfir á einstaklinga. Það væri til að mynda mun hagkvæmara frá þjóðhagslegu sjónarmiði að einn sterkur aðili verji sig gegn gengisáhættu í einu stóru lagi fremur en það sé gert í mörgum smáum skömmtum. Þannig er ekki hægt að mæla með því sem almennri reglu að laun séu greidd alfarið út í evrum svo lengi sem íslenska hagkerfið er ekki orðið evruvætt og t.d. verð í búðum sé sjálfkrafa skráð í evrum.

Er krónan blóraböggull?

Mikið af þeirri gagnrýni sem dunið hefur á krónunni er réttmæt en margt er þó ofsagt. Það er rétt að verulegir erfiðleikar fylgja því að halda úti einu smæsta myntsvæði í heimi þegar fjármagnsviðskiptin eru að verða æ þjófðlegri og umfangsmeiri. Það er alveg ljóst að krónan er viðskiptahindrun sem skapar töluverðan kostnað fyrir heimili og fyrirtæki landsins. Hins vegar er rangt að kenna krónunni einni um verðbólgu og hávexti á síðustu tveim árum. Að því leyti til endurvarpar íslenska krónan aðeins aðstæðum í efnahagslífinu sjálfsu og háir vextir eru aðeins viðbrögð við þenslu hérlandis. Þau vandamál verða ekki leyst með upptöku evru.

Efling-stéttarfélag

Kynnir sig

Ný sjónvarpsauglýsing um Eflingu-stéttarfélag og auglýsingar í blöðum og prentmiðlum eru nú að verða tilbúnar til birtingar. Nokkur ár eru síðan síðast var gert kynningarefni fyrir félagið í sjónvarpi og prentmiðlum.

Um er að ræða stutta auglýsingamynd í sjónvarpi sem sýnd verður í nokkrum útgáfum, en einnig verður til myndefni til notkunar í prentmiðlum.

Það er Auglýsingastofan 12&3 sem hafa unnið að undirbúningi með kvikmyndafyrirtækinu SPARK ehf sem hefur séð um handrit og kvikmyndagerð.



Efling-stéttarfélag

Greiðir síðustu atvinnuleysisbæturnar

2. apríl næstkomandi verða síðustu atvinnuleysisbæturnar greiddar frá Eflingu-stéttarfélagi. Félagið og forverar þess hafa verið með afgreiðslu atvinnuleysisbóta í um hálfra aldar skeið en með lagabreytingu Alþingis í vor var ákveðið að leggja deildir Eflingar og VR niður og framvegis verður öll þjónusta

og afgreiðsla atvinnuleysisbóta á vegum Vinnumálastofnunar og flyst þjónustuskrifstofan til Hvammstanga.

Efling-stéttarfélag mun eftir 2. apríl veita grunnupplýsingar um bæturnar en þjónusta við atvinnulaust fólk vegna atvinnuleysisbóta verður ekki lengur hjá félaginu eftir það.

Viltu láta gott af þér leiða?

Mentor – Liðveisla

Framtíð í nýju landi er verkefni sem miðar að því að efla ungmenni af víetnömskum uppruna á aldrinum 15-25 ára og hvetja þau til þess að afla sér menntunar og skipuleggja framtíð sína. Með því móti er unnið að gagnkvæmri aðlögun íslenska samfélagsins og aðfluttra ungmenna.

Við leitum að:

- Áhugasömum sjálfboðaliðum, ekki yngri en 22 ára
- Fólki sem hefur áhuga á menningu annarra
- Fólki sem vill láta gott af sér leiða

Hlutverk mentora:

- Veita innsýn í íslenska menningu
- Kynna möguleika til afþreyingar
- Vera góð fyrirmynd
- Efla sjálfsmynd ungmennanna
- Hitta ungmennin einu sinni í viku í 2-3 tíma í senn

Nemendur HÍ & KHÍ geta fengið þetta starf metið til eininga.

Upplýsingar veita Ása Kolbrún (akh2@hi.is) 662 1816
og Anh-Dao Tran s. 821 2523

Co wiesz o dodatkach zdrowotnych?

Czy wiesz, e ... ?

- Fundusz Zdrowotny wspiera członków zwi zków oferuj c ró norodne dodatki zdrowotne,
- Zwi zki zawodowe oferuj dodatki pieni ne przy zakupie kart wst pu na siłowni , basen lub innej formy aktywno ci fizycznej (np. taniec),
- Członek zwi zku zawodowego Efling ma prawo do dodatku pieni nego w wysoko ci 10.000 ISK jednorazowo w ci gu 12-mcy.

Chcesz podrepe-rowa zdrowie...?

...ale nie wiesz jak efektywnie wykorzysta dodatek zdrowotny?

Mo esz np. wykupi karnet na basen (10 wej), który w okr gu Reykjavik kosztuje 2.200kr. Zwi zki zawodowe dopłacaj (zwracaj) 1.100kr. czyli 50%. Pozostaje Ci jeszcze 8.900kr, które mo esz wyko-rzysta na inne formy aktywno ci fizycznej.

Czy wiesz, e Fundusz Zdrowotny...?


- Wypłaca „pieni dze dzienne” w przypadku długotrwałej choroby lub wypadku,
- Dofinansowuje równie zabiegi rekonwalescencyjne, wizyty u kardiologa oraz w Stowarzyszeniu Walki z Rakiem.

Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum”?

Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun



Lausnarorð:

Nafn: _____

Vinnustaður: _____

Sími: _____

Heimili: _____

Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 10. apríl nk.




Guðmundur H. Guðmundsson

Vinningshafinn í síðustu Krossgátu

Guðmundur H. Guðmundsson var sá heppni að þessu sinni og fékk 15000 krónur í vinning fyrir rétta lausn á krossgátunni í síðasta blaði. Guðmundur vinnur við umönnun á Elli- og hjúkrunarheimilinu í Víðinesi og hér óskar Berglind Davíðsdóttir honum til hamingju með vinninginn.

Lausn síðustu krossgátu



ÓSMÍÐAÐUR

Úr mínus í plús!

Þú átt nóg af peningum, Ingólfur kennir þér að finna þá.

Síðustu námskeiðin í Reykjavík fyrir hlé.

Ingólfur H. Ingólfsson kennir þér að spara milljónatugi á námskeiðinu **Úr mínus í plús**.

Á námskeiðinu lærir þú meðal annars:

- að greiða hratt niður lán með þeim peningum sem fara nú þegar í afborganir
- að byggja upp sparnað og eignir óháð tekjum og skuldum
- allt um vexti, verðbætur og lánað
- að fjárfesta á verðbréfamarkaði
- að búa sig fjárhagslega sem best undir lífið
- að undirbúa eftirlaunaárin
- að hafa gaman af því að eyða peningunum



6. mars Reykjavík Háskóli Íslands Oddi kl.18:30

20. mars Reykjavík Háskóli Íslands Oddi kl.18:30

Námskeiðið er 4 tíma langt. Sum stéttarfélag greiða niður námskeiðið.

Skráning og upplýsingar:
Sími 587 2580
 og á **www.spara.is**
Verð: 9.000-

Yfirfullt í sólarlandaferð Eflingar

Ferðumst meðan heilsan leyfir



Málfríður og Ásgeir eru ánægð með sólarlandaferðir Eflingar

Eins og undanfarin ár býður Efling stéttarfélag eldri félagsmönnum uppá utanlandsferðir á nokkra viðkomustaði og hefur úrvalið aldrei verið meira. Skráning í ferðirnar hófst fyrir skömmu og ferðirnar seldust upp á fyrsta degi skráningar. Þau Ásgeir Sigurðsson og Málfríður Jóns-

Hún segist líka vilja láta koma fram að þau séu þakklát fyrir umhyggjuna og stuðninginn sem eldri félagsmenn fá hjá Efling og þau muni halda áfram að ferðast á vegum félagsins á meðan heilsan leyfir.

dóttir voru meðal þeirra sem skráðu sig strax í sína ferð.

Málfríður sagði að þau hefðu skráð sig í ferðir til Benidorm og Tenerife. En Benidorm yrði sennilega fyrir valinu eins og undanfarin ár. Við þekkjum vel til þar og okkur hefur alltaf liðið vel á Bali hótelinu, segir hún. Þetta er líklega í fimmta sinn sem við förum til Benidorm og verðum í þrjár vikur að þessu sinni.

Það er fínt að vera á hótelinum á Benidorm því öll nauðsynleg þjónusta sé til staðar og að maturinn og allur aðbúnaður sé frábær. Það er íslenskur íþróttakennari á staðnum sem sér um að halda okkur í líkamlegu formi með leikfimi og gönguferðum. Svo er líka öflugt félagsstarfi á hótelinu og m.a.

spiluð félagsvist.

Málfríður segir að stundum ferðist þau með öðru fólki. En í þetta sinn verðum við bara tvö saman og við hlökkum mikið til.

Hún segir líka að skoðunarferðum hafi fækkað því að þau hafi farið í flestar ferðirnar sem boðið er uppá. En við göngum mikið á ströndinni og ferðum oft með strætó.

Stundum fara þau í ferðir tvisvar á ári um vor og haust vegna þess að þeim líði svo ljómandi vel á Benidorm.

Hún segist líka vilja láta koma fram að þau séu þakklát fyrir umhyggjuna og stuðninginn sem eldri félagsmenn fá hjá Eflingu og þau muni halda áfram að ferðast á vegum félagsins á meðan að heilsan leyfir.



Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum á landsbanki.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja á milli fleiri en 70 góðgerðarféлага og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Allt að 68.672 kr. endurgreiðsla á einstakling



*Vilt þú slást í hópinn og eiga kost
á endurgreiðslu að ári?*

Skilvísir viðskiptavinir fjölskyldubjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2006. Endurgreiðslan nam allt að 68.672 krónum á einstakling í fjölskyldubjónustunni.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskyldubjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

Endurgreiðsla ársins 2006 samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Skráðu fjölskylduna á **spron.is**

og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.



Nánari upplýsingar fást
í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is